

6.4. Ferðapjónusta aldraðra

6.4.1. Inntak og markmið

Þeir einstaklingar sem eru 67 ára og eldri og búa í heimahúsum geta í sérstökum tilvikum sótt um ferðapjónustu þrátt fyrir að ekki liggi fyrir skyldur bæjarfélagsins til slíkrar þjónustu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Ferðapjónustuaðilar skulu við framkvæmd þjónustunnar taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki. Bifreiðastjórum sem annast ferðapjónustu er heimilt að synja akstri í einstaka tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega. Þeim starfsmönnum sem sinna ferðapjónustu er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6.4.2. Réttur til þjónustu

Ferðapjónusta aldraðra er fyrir íbúa í Reykjanesbæ 67 ára og eldri er uppfylla skilyrði þjónustunnar sem tilgreind eru hér að neðan.

Við afgreiðslu umsóknar er tekið mið af tekjum og eignum umsækjanda og maka hans. Heimilt er að veita ferðapjónustu þegar einstaklingur er með tekjur til jafns við óskerta framfærsluuppbot frá Tryggingastofnun ríkisins eða mánaðartekjur jafnháar óskertum bótum.

Ferðirnar eru fyrst og fremst ætlaðar vegna sjúkráþjálfunar og læknaferða innanbæjar. Hámark ferða er 36 á ári.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða s.s. vegna beinbrota og liðskiptiaðgerða.

Þeir einstaklingar sem eru 67 ára og eldri og dvelja á stofnun eiga ekki rétt á ferðapjónustu.

Hafi umsækjandi sem orðin er 67 ára áður fengið ferðapjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992, með síðari breytingum, á hann rétt á þjónustunni áfram á meðan þörf er.

6.4.3. Stjórn og ábyrgð

Velferðarsvið Reykjanesbæjar metur þörf fyrir þjónustu og ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna.

6.4.4. Umsóknir og afgreiðsla

Umsóknum um ferðapjónustu aldraðra skal skila rafrænt á mittreykjanes.is. Í umsókn eiga að koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda, óskir um ferðafjölda og tilgang ferðanna. Með umsókn skal fylgja skattframtal og staðgreiðslufirlit.

Umsækjanda skal kynnt niðurstaða umsóknar bréflaga svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst.

Þegar umsókn er samþykkt kemur fram fjöldi samþykktra ferða og gildistími samþykktar. Aksturinn er gjaldfrjáls innan tímamarka ferða almenningsvagna í Reykjanesbæ.

Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni til áfrýjunarnefndar velferðaráðs Reykjanesbæjar.

Þegar umsókn um ferðapjónustu hefur verið samþykkt fær þjónustuaðili aksturs upplýsingar um samþykktan akstur.

6.4.5. Endurskoðun reglna

Reglur þessar eru settar skv. X kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra nr.125/1999 og öðlast gildi frá 1. janúar 2015.

Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti

6.4.6. Málsmeðferð og málskot

Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjanesbæjar. Ákvörðun hennar er hægt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála, innan þriggja mánaða, sbr. 5.gr. laga nr. 85/2015.